

# HRINGRÁS VATNS

Verkefni sem kynnir fyrir börnum birtingarmyndir vatns og hringrás þess.

Börnin læra hugtök ásamt því að gera athuganir.

Verkefni fyrir leikskóla og yngstu bekki grunnskóla

## Markmið:

Kynna fyrir börnum á leikskólaaldri og yngstu bekkjum grunnskólans birtingarmyndir vatns og hringrás þess.

## Tími:

Innlögn í samverustund  
Tilraunin tekur stuttan tíma  
en fylgst er með í 2-3 daga

## Framkvæmd:

Leggja inn orð og hugtök tengd vatni svo sem; bráðnun, vatn, klaki, snjór, gufa, uppgufun, vatnsyfirborð, hitastig, frostmark, frost, þétting, fast form, fljótandi form – o.s.frv. Sjá t.d. fræðslu um [Hringrás vatns](#)

1. skref – Snjór og klaki sóttir út og sett inn í sitthvora skálina.

Forhugmyndir barnanna ræddar um það hvað gerist þegar snjór og klaki er settir inn og afhverju. Hér er kjörið tækifæri til að fá fram líflegar umræður um hvaðeina er tengist vatni og leggja inn orð og efla skilning á hringrás vatns.

2. skref (daginn eftir): Bráðnunin skoðuð (snjórinn ætti að vera orðin að vatni en klakinn ekki að fullu). Tilvalið að gera strik á snjóskálina til að merkja hvert vatnsyfirborðið nær og jafnvel að hafa skálarnar þar sem börnin geta fylgst með þeim næstu daga fram. Aftur er hér kjörið tækifæri til umræðna og útskýringa.

3. skref (u.þ.b. 3 dögum eftir 2.skref): Tilraunin skoðuð og rædd (nú ætti að vera vatn í klakaskálinni en ekkert í snjóskálinni). Uppgufun vatnsins út í andrúmloftið útskýrð fyrir börnunum ásamt hringrás vatns í náttúrunni